

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/798
komudagur 17.1.2003

Reykjavík 14. janúar 2003.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með skipum, 360. mál.

Í 11. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að samgönguráðherra ákveði með reglugerð umfang, tíðni og framkvæmd skoðana á skipum. Samkvæmt drögum að reglugerð, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, kemur fram að skoðun á öryggisbúnaði fiskiskipa skuli framkvæmd árlega. Að mati Sjómannasambands Íslands er það frum skilyrði að skoðun fari fram árlega á öryggisbúnaði skipa. Því hefði Sjómannasamband Íslands talið heppilegra að ákvæðið um árlega skoðun á öryggisbúnaði kæmi fram í lagatextanum sjálfum frekar en í reglugerð.

Í lokamálslið 15. gr. frumvarpsins um skyndiskoðun skipa segir að Siglingastofnun Íslands geti falið Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum aðila framkvæmd eftirlits á hafi úti. Ekki verður séð hvaða öðrum aðila en Landhelgisgæslu Íslands ætti að fela þetta eftirlit og því leggur Sjómannasamband Íslands til að eingöngu verði vísað til Landhelgisgæslunnar í málsliðnum.

Að öðru leyti en að framan er getið styður Sjómannasamband Íslands frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson